

4. janúar 2021

Réttur – Aðalsteinsson & Partners ehf.
b.t. Ragnars Aðalsteinssonar, lögmanns
Klapparstíg 25-27
101 Reykjavík


Efni: Jörðin Óttarsstaðir í Hafnarfirði

Vísað er til erindis þíns, dags. 18. desember 2020, um jörðina Óttarsstaði í Hafnarfirði, en erindinu var beint til Hafnarfjarðarbæjar, Umhverfisstofnunar og Rio Tinto á Íslandi hf. Í erindinu var upplýst um vilja umbj. þinna til að ræða við viðtakendur þess um afnot af hluta jarðararinnar gegn hæfilegu endurgjaldi eða um kaup á hluta jarðarinnar, auk þess sem umbj. þínir áskildu sér rétt til að krefja þá sem ábyrgð kunni að bera á ágangi á land þeirra og skertri notkun landsins um skaðabætur. Að síðustu var farið fram á í erindinu að lýsa því yfir að ekki yrði fjallað um svonefndar kvaðir á landi jarðarinnar án þess að þú og eigendur jarðarinnar tækju þátt í þeim umræðum.

Af þessu tilefni tekur Rio Tinto á Íslandi hf. fram að allri skaðabótaábyrgð gagnvart umbj. þínum er hafnað. Þá væntir félagið þess að síðasta hluta erindisins þíns, sé í reynd beint að Hafnarfjarðarbæ, sem fer með skipulagsvald á svæðinu. Hvað varðar afnot eða kaup á landinu þá þakkar félagið fyrir upplýsingar þess efnis, og mun svara því sérstaklega ef málið verður tekið til frekari skoðunar af hálfu félagsins.

Virðingarfyllt
f.h. Rio Tinto á Íslandi hf.

Rannveig Rist, forstjóri



Afrit:

Hafnarfjarðarbær
b.t. Rósu Guðbjartsdóttur, bæjarstjóra
Ráðhúsi Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Umhverfisstofnun
b.t. Sigrúnar Ágústsdóttur, forstjóra
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík